

Nd.

414. Frumvarp til laga

[20. mál]

um breyt. á l. nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. marz.)

Samhljóða þskj. 20 með þessum breytingum:

1. gr. breytist þannig:

11. gr. hljóðar svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni, en eingöngu til notkunar í sóttvarnarstöð ríkisins, er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar og önnur aðstaða ákjósanleg að dómi yfirdýralæknis og stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Þessa heimild má landbúnaðarráðherra því aðeins nota, að stjórn Búnaðarfélags Íslands, yfirdýralæknir og forstöðumaður Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði mæli með innflutningi djúpfrysts sæðis hverju sinni.

13. gr. hljóðar svo:

Landbúnaðarráðherra skal láta setja á stofn og starfrækja sóttvarnarstöð, er verði staðsett í samráði við yfirdýralækni og stjórn Búnaðarfélags Íslands. Skal ráða sérstakan umsjónarmann til þess að sjá um framkvæmdir og daglegan rekstur hennar. Þar skal hafa í öruggri vörzlu þá nautgripi innlenda, sem sæða á með innfluttu sæði til kynblöndunar, sem og afkvæmi þeirra. Í því skyni skal landbúnaðarráðherra útvega hæfilega marga valda gripi að fengnum tillögum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt.

Áður en hinir íslenzku gripir eru fluttir í sóttvarnarstöðina, skulu umsjónarmaður stöðvarinnar og yfirdýralæknir ganga úr skugga um, að gripirnir séu eigi grunaðir um eða haldnir smitsjúkdómum.

Hlíta skal tillögum yfirdýralæknis um gerð og tilhögun girðinga, bygginga og annarra nauðsynlegra mannvirkja og útbúnaðar í sóttvarnarstöðinni, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands. Allur kostnaður við stofnun sóttvarnarstöðvar, rekstur hennar, nauðsynlegar rannsóknir, kaup og flutning á gripum, sæði, útbúnaði o. s. frv. greiðist úr ríkissjóði.

20. gr. hljóðar svo:

Nú er eigi talin þörf á frekari notkun innflutts sæðis úr Galloway-nautum í sóttvarnarstöðinni, að mati ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt, og er landbúnaðarráðherra þá rétt að leggja starfsemi sóttvarnarstöðvarinnar niður. Skal þá eyða öllu innfluttu sæði, sem þar kann að vera geymt, og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja, að eigi dreifist smitsjúkdómar frá sóttvarnarstöðinni, eftir að starfsemi hennar er hætt. Gripi stöðvarinnar skal fella og fara með afurðirnar eins og ákvæði 17. gr. mæla fyrir um. Jafnframt skal ýtarleg rannsókn fara fram á því, hvort gripirnir hafa verið haldnir nokkrum sjúkdómum.